

**Nd.**

**416. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 23 27. júní 1921, um vátryggingarfélag fyrir fiskiskip.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Tryggja skal hjá Samabyrgðinni öll skip, er ríkissjóður á og tryggir á hverjum tíma, þó svo, að tryggingarkjörin séu eigi lakari en hjá öðrum tryggingarfélögum, að dómi ríkisstjórnarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.